



NEYTENDASTOFA

Reglur Neytendastofu
október 2012.

e - merking forpakkninga. Viðurkenning á kerfum pökkunaraðila og framleiðenda

Efnisyfirlit

1. e-merkið.
2. Skýringar með umsókn.
3. Umsókn um viðurkenningu á úrtakseftirliti og heimild til e-merkinga.
4. Úrtakseftirlit með magni í forpakkningum.
5. Vottorð um heimild til e-merkinga og fylgiskjal.

e - MERKIÐ

Um e-merkið á forpakkningum, eftirlit og heimild til notkunar

Nafnmagn: Gildi í einingum fyrir þyngd eða rúmmál, sem pökkunaraðili ákveður fyrirfram og prentar á umbúðirnar.

TNE: Heimiluð neikvæð frávik (Tolerable Negative Error), sem eðlilegt má telja að einstakar pakkningar geti haft undir nafnmagni. Að sama skapi eru margar pakkningar yfir nafnmagni, annars mundi lotan falla á meðalmagni.

e-merking forpakkninga byggir á tilskipun 76/211/EBE með síðari breytingum, sem hefur verið innleidd með reglugerð nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar. Setja má e-merkið á forpakkningar, sem uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Aðferðin getur sparað yfirpökkun, en tryggir neytendum jafnframt rétt magn að meðaltali.

Pökkunaraðilinn þarf að uppfylla eftirfarandi þrjár reglur:

- meðalmagn í lotu má ekki vera minna en nafnmagn
- hlutfallslega fáar forpakkningar mega hafa meiri neikvæð frávik en TNE
- ekki má e-merkja forpakkningar sem hafa meiri neikvæð frávik en tvöföld TNE

Beri vara e-merkið réttilega, mega eftirlitsstjórnvöld í innflutningsríki á EES/ESB svæðinu ekki hindra markaðssetningu vörunnar af ástæðum er varða merkingar eða mælingar á magni. Þannig er e-merkið eins konar mælifræðilegt vegabréf inn á innri markað EES.

Pökkunaraðilar skulu tryggja að forpakkningar standist kröfur reglugerðarinnar með gæðaeftirliti sbr. 4. tl. viðauka I og skulu sæta mælifræðilegu eftirliti Neytendastofu sbr. 5. tl. viðauka I. Reglugerðin mælir í viðauka II fyrir um hvernig eftirlitsaðili prófar lotur forpakkninga, en pökkunaraðila er frjálst að velja sér aðferð við pökkun og gæðatryggingu til að standast kröfur reglugerðarinnar

Hægt er að fá sjálfvirkar vogir sérstaklega gerðar fyrir innra eftirlit pökkunaraðilans og vigtun eftir þessum reglum og WELMEC hefur gefið út leiðbeininga-skjöl varðandi forpakkningar. Þessi skjöl má finna á vefsíðunni www.welmec.org og þar á meðal Guide 6.4, "Guide for packers and importers of e-marked prepacked products".

Pökkunaraðili sem kemur sér upp framleiðsluathugunum sem eru í samræmi við verklagsreglur sem Neytendastofa telur fullnægjandi og leggur fram fullnægjandi gögn getur sótt um viðurkenningu á kerfi sínu. Neytendastofa tekur út eða lætur gera úttekt á pökkunarferlinu. Neytendastofa gefur síðan út heimild til pökkunar með e-merkinu á grundvelli fullnægjandi úttektarskýrslu. Auk úttektar á kerfi pökkunaraðilans verða gerðar úrtaksprófanir á pökkunarsvæði aðilans eftir því sem þurfa þykir.

Hverjir geta sótt um viðurkenningu?

Fyrirtæki geta sótt um viðurkenningu á kerfi til magnmælinga e-merktra forpakkninga. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða framleiðanda vörunnar, pökkunaraðila ef hann er annar heldur en framleiðandi eða innflytjanda ef flutt er inn frá ríkjum utan EES.

Kostnaður forpakkara

Kostnaður vegna leyfisveitingar og eftirfarandi árlegs eftirlits Neytendastofu með pökkunarferlinu er ákveðinn í gjaldskrá. Gjöld sem þarf að greiða er umsóknargjald, leyfisgjald og árlegt eftirlitsgjald.

Umsókn um viðurkenningu

Með umsókn um viðurkenningu þurfa að fylgja þau gögn sem tiltekin eru í kaflanum „Skýringar með umsókn” og á umsóknareyðublaðinu. Ef fyrirtækið gerir breytingar á magnmælingum eða gerir breytingar eða stillingar á tækjabúnaði sem kynni að breyta magni í pakkningum, skal það einnig tilkynnt til Neytendastofu.

Gögn vegna umsóknar

Pökkunaraðili skal leggja fram skriflega lýsingu á pökkunarferlinu, taka á stýringu á frábrigðavöru, hafa reglur um úrbætur og forvarnaraðgerðir, geyma skráningu niðurstaðna magnmælinga og athugana.

Allar niðurstöður innra eftirlits skulu skráðar og skriflegum skýrslum sem gerðar hafa verið vegna úrbóta haldið til haga og vera aðgengilegar starfsmönnum Neytendastofu.

Varsla ofangreindra gagna skal vera með þeim hætti að auðvelt sé að finna öll gögn um hverja einstaka framleiðslulotu. Skulu niðurstöður geymdar í eitt ár.

Útgáfa leyfis

Neytendastofa gefur út leyfi að lokinni yfirferð umsóknar og þegar að endanlegt samþykki liggur fyrir vegna úttektar á kerfi pökkunaraðila.

Eftirfylgni og árlegt eftirlit

Við útgáfu á heimild Neytendastofu til pökkunaraðila fyrir pökkunarkerfi e-merktra forpakkninga skuldbindur leyfishafi sig til þess að sæta árlegu eftirliti Neytendastofu sem fram fer að jafnaði í þeim almanaksmánuði að ári liðnu frá því að leyfið var gefið út. Pökkunaraðili og Neytendastofa samþykkja sameiginlega og ákveða árlegan úttektardag. Um greiðslu árlegs eftirlitsgjalds fer eftir gjaldskrá Neytendastofu.

Ef í ljós kemur að hætta er á að forpökkuð vara, sem ekki uppfyllir kröfur reglugerðar um e-merkingar, fari á markað mun forpakkari fá frest til úrbóta en óheimilt er að setja á markað vörur sem ekki uppfylla kröfur. Ef úrbætur eru ekki gerðar eða þær eru ekki fullnægjandi mun Neytendastofa grípa til viðeigandi aðgerða.

Ef fyrirtæki ætlar sér að gera breytingar á gæðakerfi sínu eða innra eftirliti sem þýðingu hefur hvað varðar notkun e-merkisins, skal hann senda Neytendastofu eða úttektaraðilanum, skriflega tilkynningu um það þegar í stað og eigi síðar en innan mánaðar eftir að breytingar hafa verið gerðar. Neytendastofa getur fellt viðurkenningu úr gildi ef breytingarnar auka hættu á að e-merktar forpakkningar fari á markað án þess að uppfylla kröfur reglugerðarinnar.

Skýringar með umsókn

1. Almenn

Áður en fyrirtæki hefur notkun e-merkisins þarf það að fullvissa sig um að lotur pakkninga standist kröfur reglugerðar nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar. Það má gera með því að vigta hverja einustu forpakkningu eða með úrtaksskoðunum.

Allar niðurstöður innra eftirlits skulu skráðar og skriflegum skýrslum sem gerðar hafa verið vegna úrbóta haldið til haga og vera aðgengilegar starfsmönnum Neytendastofu.

2. Vottorð um heimild til e-merkinga

Viðurkenning íslenskra stjórnvalda felst í útgáfu vottorðs til handa fyrirtæki og er undirritað af fulltrúa Neytendastofu.

Til að unnt sé að gefa út vottorð þarf umsókn að innihalda upplýsingar um þau atriði sem þessar leiðbeiningar tiltaka. Sérstök áhersla er lögð á að innra eftirlitið fullnægi öllum kröfum með tilliti til skammtíma og langtíma stöðugleika pökkunarstærða. Pakkari þarf því að skrá og vista allar upplýsingar um pökkunarferlið, skrá frábrigði sem upp koma og hvaða úrbætur voru gerðar.

3. Eftirfylgni

Eftir að vottorð um viðurkenningu hefur verið veitt verður pökkunaraðstaða fyrirtækis heimsótt af starfsmönnum Neytendastofu á næstu 2-3 mánuðum eða þegar unnt reynist, hafi það ekki þegar verið gert í tengslum við umsóknarferlið. Tilgangurinn er að sjá verklagsregluna í notkun. Eftir fyrstu heimsókn munu heimsóknir vera árlega og viðurkenning á kerfi fyrir magnmælingar skal endurnýjuð árlega.

Skoðun á pökkunarkerfi er annars vegar skoðun á gæðakerfi og gögnum um magnmælingar ásamt vettvangsskoðun á búnaði og aðstöðu. Hins vegar er um að ræða framkvæmd úrtaksskoðana, eins og mælt er fyrir um í viðauka II í reglugerð um e-merktar forpakkningar.

Ef í ljós kemur að hætta er á að forpökkuð vara, sem ekki uppfyllir kröfur reglugerðar um e-merkingar, fari á markað mun forpakkari fá frest til úrbóta. Ef úrbætur eru ekki gerðar eða þær eru ekki fullnægjandi mun Neytendastofa grípa til viðeigandi aðgerða.

Ef fyrirtæki ætlar sér að gera breytingar á gæðakerfi sínu eða úrtakseftirliti sem þýðingu hefur hvað varðar notkun e-merkisins, skal hann senda Neytendastofu skriflega tilkynningu um það innan mánaðar eftir að breytingar hafa verið gerðar. Neytendastofa getur fellt viðurkenningu úr gildi ef breytingarnar auka hættu á að e-merktar forpakkningar fari á markað án þess að uppfylla kröfur reglugerðarinnar.

Þegar aðeins er verið að bæta við vörutegund, með sama búnaði og lítt breyttri verklagsreglu, þarf aðeins að senda Neytendastofu gögn um breytingar. Neytendastofa getur þá heimilað pökkunina sem einfalda viðbót við fyrri heimild, en skoðað ferlið nánar í næstu árlegu úttekt.

4. Upplýsingar í umsókn til Neytendastofu

Fyrirtæki, sem óska viðurkenningar á kerfum sínum fyrir magnmælingar skulu senda umsókn til Neytendastofu á meðfylgjandi eyðublöðum. Umsókn skal fylgja afrit af viðeigandi hlutum gæðahandbókar. Umsóknin skal vera undirrituð af tengilið fyrirtækis við Neytendastofu. Tengiliðurinn þarf að bera beina ábyrgð á pökkunarferlinu.

Forsenda þess að fá viðurkenningu á kerfi fyrir magnmælingar forpakkninga er að verklagsreglur og innra eftirlit uppfylli þær kröfur sem settar eru fram hér að neðan og að þeim sé fylgt í raun.

Upplýsingar um pökkunaraðila

Skrá skal *heiti* þess aðila, sem ber ábyrgð á forpökkuninni, *heimilisfang*, *kennitölu*, *tengilið*, *síma* og *netfang* og *vefsíðu* ef hún er fyrir hendi.

Sé um verktaka að ræða, þ.e. sé forpakkari ekki framleiðandi vörunnar má velja um það að tilgreina nafn framleiðanda eða verktaka. Hið sama gildir þegar sölu- og dreifingaraðili, t.d. stór matvörukeðja, merkir sér vöru sem annar aðili hefur framleitt eða pakkað. Það fyrirtæki sem tilgreint er verður talinn ábyrgur aðili fyrir forpökkun vörunnar.

Þegar um innflytjanda inn á svæði EES/ESB er að ræða, verður hann að afhenda Neytendastofu öll þau gögn sem tryggja það að vara sé forpökkuð í samræmi við kröfur reglugerðar um e-merkingar, þegar hún er sett á markað á Íslandi.

Upplýsingar um vörur og/eða pökkunarlínur

Aðeins skal gefa stuttar upplýsingar, eina línu fyrir hverja gerð pakkningar og/eða pökkunarlínu. Nánari upplýsingar koma svo fram á fylgiskjali um hverja gerð pakkningar eða pökkunarlínu.

Sé óskað viðurkenningar á pökkun einstakrar vörutegundar skal tilgreina heiti pakkningar og nafnmagn hennar.

Sé óskað viðurkenningar á pökkunarlínu án þess að einskorða það við einstakar vörutegundir, skal tilgreina um hvaða pökkunarlínu er að ræða og hvaða verklagsreglu eða aðferð er beitt.

Upplýsingar um mælitæki sem notuð eru við forpökkun

Sé um fleiri tæki að ræða en komast fyrir á eyðublaðinu skal skila upplýsingum á sér blaði og geta þess í viðkomandi reitum hér.

Vogirnar geta verið sjálfvirkar eða ósjálfvirkar vogir af ýmsu tagi. Tilgreina skal framleiðanda og gerð, hámarksvigtun (Max) og skerðingu (e), tákn eða númer gerðarviðurkenningar og gildistíma löggildingar. Vogir fyrir innra eftirlitið skulu vera löggiltar, en það á þó ekki við um gátvogir, notkun vogar sem ekki eru löggilt er heimil í pökkunarlínunni sé úrtakseftirlit framkvæmt með löggiltri vog.

Séu viðurkennd mæliglös notuð sem umbúðir skal geta þess sérstaklega.

Önnur mælitæki geta verið rúmtaksmælitæki, lóð, mæliker, hitamælar, ofl. og skulu þau vera kvörðuð reglulega.

Tilgreina skal *framleiðanda*, *gerð* og *deilingu* mæligilda og *dagsetningu* síðustu kvörðunar.

Upplýsingar um verklagsreglur

Þegar rætt er um gæðahandbók er einungis átt við sjálft pökkunarferlið og aðgerðir sem skipta máli varðandi magnmælingar.

Eftirfarandi verklýsingar þurfa að vera fyrir hendi:

1. Lýsing á skipulagi, ábyrgðardreifingu og valdi, sbr. t.d. ÍST-EN-ISO 9001, liður 4.1.2.
2. Lýsing á framleiðsluferlinu. Lýsingin þarf ekki að vera ítarleg. Er hún einkum ætluð sem hjálpargagn til aukins skilnings fyrir það starfsfólk sem málið varðar.
3. Skráning niðurstaðna athugana er varða innra eftirlit, sjá nánar næsta kafla, sbr. ÍST-EN-ISO 9001, liði 4.10.4, 4.10.5 og 4.11
4. Meðhöndlun, geymsla, pökkun, varðveisla og afhending. Hér skal lýsa því hvernig lotur eru auðkenndar eftir að hafa staðist prófun og hvernig hægt er að rekja einstaka vöru til lotu hennar, sbr. ÍST-EN-ISO 9001 1994, liður 4.8 (auðkenni og rekjanleiki), liður 4.15. (meðhöndlun, geymsla, pökkun, varðveisla og afhending) og 4.16. (stýring gæðaskráa).
5. Ferli til að tryggja að rétt magn haldist fram að síðasta söludegi, sé varan þess eðlis að geta rýrnað.

Merkingar forpakkninga

Hér skal tilgreina hvernig forpakkning er auðkennd pökkunaraðila eða formlegum framleiðanda og láta sýnishorn eða myndir fylgja með umsókninni.

Vörumerki og heimilisfang skal vera greinilega tilgreint á hinni forpökkuðu vöru þannig að unnt sé að ná til hins ábyrga aðila hvar sem vara er seld innan EES. Ef á forpakkningunum er bæði nafn framleiðanda og forpakkara þarf að vera skýrt hver þeirra það er sem ber ábyrgð á forpökkuninni. Af merkingunni skal vera unnt að rekja pakkingar til uppruna síns vegna eftirlits á markaði.

5. Fylgiskjal um úrtakseftirlit

Á skjalinu eru veittar nánari upplýsingar um hverja gerð pakkingar eða pökkunarlínu og hvernig eftirliti með henni er háttað. Eitt slíkt fylgiskjal skal gert fyrir hverja pakkingu eða pökkunarlínu. Eftirlitsaðferðinni skal lýst með því að svara spurningunum og að gefa nánari skýringar ef ástæða er til.

Varsla gagna um úrtakseftirlit skal vera með þeim hætti að auðvelt sé að finna gögn um hverja einstaka framleiðslulotu. Gögnin skal geyma í minnst eitt ár.

Eftirlitið skal framkvæmt það oft og vera það umfangsmikið að með tilvísun til stöðugleika pökkunarferlis megi sýna fram á að breytingar og frávik frá fyrirfram ákveðinni pökkunarstærð uppgötvist áður en pakkað hefur verið stærðum sem ekki uppfylla kröfur. Látið upplýsingar fylgja og útreikninga sem sýna fram á stöðugleika áfyllingarferlisins í styttri tíma og lengri.

Sé rúmmál mælt óbeint með vigtun verður að gefa upplýsingar um hitastigið við pökkunina og eðlismassa vörunnar. Ef nauðsynlegt er verður að stýra hitastigi. Viðmiðunarhitastigið er 20 °C nema um sé að ræða djúpfrystar og frystar vörur þar sem magn er tilgreint í rúmmálseiningum.

Staður forpökkunar og heiti vöru eða pökkunarlínu

Tilgreina skal heimilisfang og stað forpökkunar, enda ber stjórnvaldi að viðhafa eftirlit skv. 5. og 6. tl. viðauka I í reglugerðinni.

Fari forpökkun fram á fleiri stöðum skal tilgreina þá.

Upplýsingar um vöru eða pökkunarlínu

Sé óskað viðurkenningar á pökkun einstakrar vörutegundar skal tilgreina eiginleika hennar, hvort hún er í föstu formi, fljótandi eða t.d. í duftformi eða þurrkuð. Tiltaka skal nafnmagn hennar í g eða ml. Upplýsa skal hvort hætta sé á að varan rýrni eftir forpökkun hennar og gefa aðrar upplýsingar um vöruna sem kunna að hafa áhrif á raunverulegt innihald forpökkunar.

Sé óskað viðurkenningar á kerfi fyrir magnmælingar án þess að einskorða það við einstakar vörutegundir, skal gefa upplýsingar um pökkunarlínu, hvar hún er staðsett og hver helsti búnaður hennar er. Tilgreina skal hvernig vöru er pakkað þar og vísa til verklagsreglu, sem lögð hefur verið fram.

Úrtakseftirlit pökkunaraðila

Koma verður fram hvar eftirlitið fer fram t.d. við sjálfa pökkunina, á lager, við enda pökkunarlínu eða á annan hátt. Ef merkt er við svarmöguleikann "annað" skal gefa nánari skýringar.

Lotur

Tilgreina skal *framleiðsluhraðann*, hvernig *lota er skilgreind og auðkennd*. Framleiðsluhraði er fjöldi pakkninga á tímaeiningu, sem getur verið mínúta, klst. eða dagur. Lota getur verið framleiðsla á tilteknum tíma, en þó mest einn dagur, getur verið tiltekinn hámarksfjöldi eininga eða framleiðsla úr tilteknu magni af hráefni, á vakt eða annað því líkt. Lota skal auðkennd á einkvæman hátt þannig að rekja megi tiltekna pakkningu til lotunnar og bera saman við niðurstöður úrtakseftirlits sem voru skjalfest fyrir viðkomandi lotu.

Úrtök

Gefa skal upplýsingar um hvernig úrtöku er háttáð. Reglugerðin hefur hvorki fyrirhælt, né leiðbeiningar um þetta efni fyrir pökkunaraðilann, annað en það sem ráða má af almennum kröfum til pakkninganna og þeim viðmiðum, sem Neytendastofu ber að hafa við eftirlit og skera úr um hvort lota í skoðun telst falla eða standast.

Neytendastofa mun hins vegar leggja mat á hvort úrtakseftirlit pökkunaraðila sé nægilega traust til að fylgjast með hvort hver lota framleiðslunnar uppfylli kröfur.

Mælt er með að ekki séu meira en 2,5% pakkninga hafðar undir TNE og engin pakkning má vera undir 2 TNE. Taka þarf tillit til mögulegrar mæliskekkju vegna óvissu og hækka gildin fyrir TNE og 2 TNE um öryggisbil sem því nemur.

Í verklagsreglu skulu vera leiðbeiningar um það hvernig niðurstöður athuganna eru skráðar og vistaðar og hverjar ráðstafanir eru gerðar ef frávik verða.

Tara

Lýst skal hvernig tara er fundin. Ef tara samanstendur af fleiri þáttum, getur verið raunhæft að beita mismunandi aðferðum við mismunandi hluta törunnar. Merkið við hvaða aðferð er notuð.

Mælitæki

Telja skal upp þau mælitæki sem notuð eru við úrtakseftirlit þessara pakkninga.

Sé notuð sjálfvirk gátvigt í þökkunarferlinu skal hún skrá niðurstöður vigtunar. Að lágmarki skal koma fram:

- ✓ Tími (dags. klst. mín.) eða einkenni lotunnar sem gátuð var.
- ✓ Nafngildi vigtunar
- ✓ Forinnstillt tara
- ✓ Fjöldi pakkninga
- ✓ Meðalgildi pakkninga
- ✓ Staðalfrávik
- ✓ Fjöldi pakkninga sem innihalda magn yfir TNE, magn milli TNE og 2 x TNE og magn undir 2 x TNE

Sé hin sjálfvirka gátvog ekki löggilt telst hún vera búnaður til framleiðslustýringar en ekki fullgilt eftirlitstæki. Þá þarf auk þess að framkvæma úrtaksprófanir með löggilttri vog.

Upplýsingar um óvissu

Lýsa skal hvernig heildaróvissan er fundin. Lágmark er að taka tillit til eftirfarandi:

- ✓ Óvissu vogar
- ✓ Óvissu við vigtun
- ✓ Óvissu töru
- ✓ Óvissu við hugsanlega ákvörðun eðlismassa

Heildaróvissan má ekki vera meiri en svo að forpakkarinn geti á hverjum tíma uppfyllt kröfur um nettóinnihald e-merktra forpakkninga. Sé ekki mögulegt að minnka óvissu svo að hún sé óveruleg í samanburði við heimiluð frávik skal auka magn í pakkningum sem því nemur.

Heildaróvissu má meta sem summu allra óvissuþátta og er það þá örugglega ekki vanmat. Nota má flóknari reikniaðferðir til að meta óvissu og verður hún þá minni.

Umsókn

um viðurkenningu á úrtakseftirliti og heimild til e-merkinga

Pökkunaraðili

Heiti:	
Heimilisfang:	
Kennitala:	
Tengiliður:	
Sími/netfang/vefsíða	

Vörur / pökkunarlínur:

Mælitæki:

Vog: - gerð - Max/e - gerðarviðurkenning - löggilding gildir út	_____ _____ _____ _____
Annar mælibúnaður: - gerð - deiling - dags. kvörðunar	_____ _____ _____

Sé um mörg mælitæki að ræða skal tilgreina upplýsingar um þau öll á sér blaði.

Verklagsreglur eða viðeigandi hluti gæðahandbókar fylgja með umsókninni.

Merking forpakkninga

Upplýsingar um merkingu eða texta sem auðkennir pökkunaraðilann.

Vörumerki framleiðanda sem pakkað er fyrir, nafn og myndmerki: _____

Leggja skal fram sýnishorn eða myndir af umbúðum sem sýna viðkomandi áletranir.

Sótt er um heimild til að e-merkja ofangreindar forpakkningar:

Dags.: _____

Undirskrift tengiliðs: _____

Úrtakseftirlit með magni í forpakkningum

Fylgiskjal með Umsókn.

Skila skal sér skjali fyrir hverja gerð pakkningar eða pökkunarlínu.

Staður forpökkunar: _____

Heiti vöru eða pökkunarlínu: _____

Pakkning -

Eiginleikar vöru (fast, vökvi, annað): _____

Nafnmagn pakkningar í g eða ml: _____

Möguleg rýrnun eða annað: _____

eða pökkunarlína.

Heiti, staðsetning í verksmiðju og helsti búnaður pökkunarlínu _____

Verklagsregla fyrir vinnu við pökkunarlínu _____

Úrtakseftirlit.

Hvar fer eftirlitið fram?

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Við sjálfa pökkunina | <input type="checkbox"/> Við enda pökkunarfaribandsins |
| <input type="checkbox"/> Á lager | <input type="checkbox"/> Annað: _____ |

Lotur.

Hver er framleiðsluhraðinn? _____

Hvernig er lota skilgreind? _____

Hvernig er lota auðkennd? _____

Úrtök.

Hve stórt úrtak er tekið til eftirlits hverju sinni? _____

Hve mörg eða hver oft eru tekin úrtök úr framleiðslulotum?

Tara

Hvernig er taran fundin þegar vara er vigtuð við eftirlit?

- Meðalmassi töru.
- Tara hvers hlutar.
- Bæði meðalmassi og tara hvers hlutar.
- Annað: _____

Mælitæki: Hvaða mælitæki eru notuð við úrtakseftirlit þessarar pakkningar?

Óvissa: Gefið upp þá þætti sem eiga hlut að mælióvissu og leggið mat á stærð þeirra.

Gefið upp meinta heildaróvissu: _____

Dags.: _____ **Undirskrift starfsmanns:** _____



NEYTENDASTOFA

VOTTORÐ
um heimild til e-merkinga.

Nafn fyrirtækis
Heimilisfang fyrirtækis

hefur fengið viðurkenningu á:

Kerfi fyrir magnmælingar e-merktra forpakninga

og hefur gengist undir mælifræðilegt eftirlit Neytendastofu
eins og kveðið er á um í:

Reglugerð nr. 437/2009 um e-merktar forpakningar
og í samræmi við verklagsreglur Neytendastofu

Þær vörur sem mega bera e-merkið eru tilgreindar í fylgiskjali.

Nafn fyrirtækis
ábyrgist að skilyrði þau sem þar eru tilgreind séu ávallt uppfyllt.

dd.mm.20ár

F. h. Neytendastofu

NEYTENDASTOFA

Fylgiskjal með vottorði um heimild til e-merkinga

Nafn fyrirtækis: _____

Heimilisfang fyrirtækis: _____

Dags. vottorðs: _____

hefur fengið viðurkenningu á kerfi sínu fyrir magnmælingar e-merktra forpakkinga og hefur gengist undir mælifræðilegt eftirlit Neytendastofu eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 437/2009 um e-merktar forpakkingar.

Viðurkenningin gildir fyrir eftirfarandi vörur/nafnmagn eða pökkunarkerfi:

Við forpökkun er **framleiðanda, verktaka hans eða innflytjanda** skylt að:

- ✓ Fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 437/2009 um e-merktar forpakkingar.
- ✓ Að viðhalda gæðakerfi sínu og tryggja færni þeirra sem koma að því. Allar breytingar á gæðakerfi, pökkunarferli og innra eftirliti eða aðrar breytingar sem geta leitt til þess að breyting verður á raunverulegu innihaldi forpakkinga skal tilkynnta Neytendastofu.
- ✓ Að halda til haga öllum gögnum með niðurstöður athugana og veita starfsmönnum Neytendastofu aðgang að þeim.
- ✓ Einungis e-merkja pakkningar sem viðurkenningin gildir fyrir.
- ✓ Að veita starfsmönnum Neytendastofu aðgang að pökkunaraðstöðu sinni og skjölum svo og veita þeim aðstoð til þess að þeir geti sinnt eftirliti með pökkunarferlinu og gert úrtaksskoðanir í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.
- ✓ Endurnýjun á þessari viðurkenningu fæst eftir árlega úttekt Neytendastofu.

Ef í ljós kemur, að pökkunaraðili eða innflytjandi vanefnir skyldur sínar eða í ljós kemur að e-merkt vara uppfyllir ekki kröfur reglugerðar nr. 437/2009 um e-merktar forpakkingar, hefur Neytendastofa heimild til að grípa til viðeigandi aðgerða. Neytendastofa hefur heimild til þess að krefjast þess að breytingar séu gerðar á gæðakerfi eða innra eftirliti ef í ljós kemur að hætta er á að vara sem uppfyllir ekki skilyrði um e-merkið fari á markað.

dd.mm.20ár

F. h. Neytendastofu